

á verða, að ekki yrði hjá því komizt einstöku ár að fara út yfir þessar upphæðir, eiga amtmennirnir að bera upp fyrir stjórnarráðinu uppástungu um það sérstaklega, til þess að íhugað verði, hvort leyfa megi, að það sem á vantar verði lagt til úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á¹.

1869.

25. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um „praktísèrandi“ lækni í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu.

25. febrúar.

Í bréfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið veitt Páli Jakopi Blöndal, kandiðat í læknisfræði, sem hefir sezt að í Borgarfjarðarsýslu sem „praktísèrandi“ læknir, og sem stiptamtíð hefir sett fyrir héraðslækni í tæðri sýslu, styrk þann úr læknasjóðnum íslenzka, sem ákveðinn er í konungsúrskurði 10. maímán. 1867, með kjörum þeim, sem tiltekin eru í konungsúrskurðinum, upp frá þeim degi, að hann hefir tekið sér bólfestu annaðhvort í Guðrúnarkoti á Akranesi eða í Höfn í Leirár- og Melasveit, þó svo að styrkurinn haldist því að eins, að ef bústaður hans kynni að þykja óhagkvæmur fyrir íbúa þeirra héraða, sem honum kynnu að verða falin á hendur héraðslæknisstörfn í, þá taki hann sér bústað, sem betur liggur.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst hér með á, að Páli Blöndal, kandiðat í læknisfræði, sè veittur styrkur sá, sem um er rædt í konungsúrskurði 10. maímán. 1867, en þó að eins með því skilyrði, að hann takist á hendur héraðslæknisstörfn ekki einasta í Borgarfjarðarsýslu heldur líka í Mýrasýslu, og að hann útvegi sér bústað einhvernstaðar þar, sem hentugast er fyrir

¹) Sama dag var hinum amtmönnunum tilkynnt inntak þessa bréfs.

1869. 25. febrúar. íbúa þessara sýslna, og sem nákvæmar verði tiltekið með samkomulagi millum yðar, herra stiptamtmaður, og amtmannsins í vesturumdæminu, og þar að auki yrði að fá yfirlýsing frá héraðslækninum í syðra umdæmi vesturamtsins um, hvort hann sè því samþykkur, að Páll Blöndal takist á hendur að gegna héraðslæknisstörfunum í Mýrasýslu.

26. febrúar. 12. Opið bréf um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Þar eð Vér ekki höfum sèð Oss fært, samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis að veita frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, sem þingið féllst á á fundi sínum 1867, Vora konunglega staðfesting, höfum Vér álitid réttast að leggja stjórnarskipunarmálið að nýju fyrir alþingi, og láta nýjar kosningar fyrst fara fram í því skyni, og fyrir því að leysa upp alþingi það, sem nú er. Því bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi, sem nú er, er leyst upp.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

26. febrúar. 13. Opið bréf um nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til fundar í ár.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Með því að Vér með opnu bréfi Voru dagsettu í dag höfum leyst upp alþingi, sem nú er, þá er það allrahæstur vilji Vor, að nýjar kosningar skuli nú í ár fara fram til alþingis fyrir næstu 6 ár. Fyrir því bjóðum Vér og skipum bæði öllum kjörstjórum og öðrum, sem eiga að styðja að kosningunum, að sjá svo um, að kosningarnar til alþingis fari fram sem fyrst, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru í til-